SSNV 30

Í FRÉTTUM ER

# ÞETTA HELST MARS

## LOFTBRÚ

Opnuð var könnun á nýtingu Loftbrúar. Hluti Norðurlands vestra er innan áhrifasvæðis verkefnisins sem gefur rétt til að nýta afsláttarkjör á innanlandsflugi.

## FRAMVINDA BYGGÐAÁÆTLUNAR

Stjórn SSNV bókaði ítarlega um skýrslu innviðaráðherra um framvindu byggðaáætlunar. Þó byggðaáætlun hafi skilað nokkrum árangri er þó enn langt í land.

## NÝR STARFSMAÐUR

Tilkynnt var um ráðningu Ólafar Lovísu Jóhannsdóttur í starf atvinnuráðgjafa á sviði nýsköpunar. Við bjóðum Ólöfu velkomna til starfa.

## FRAMTÍÐ FERÐAÞJÓNUSTU

fulltrúar frá KPMG og Markaðsstofu Norðurlands héldu fund með okkur í Hótel Varmahlíð. Fjallað var um horfur í ferðaþjónustu á Norðurlandi.

## ÞÁTTTAKENDUR Í MATSJÁNNI

Matsjáin, sem snýr að því að veita stuðning til matarfrumkvöðla stendur yfir. Afar góð þátttaka er af Norðurlandi vestra, alls 12 þátttakendur.

## AUKIN AÐSÓKN Í RÁÐGJÖF

Að undanförnu hefur verið merkjanleg aukin aðsókn í atvinnuráðgjöf hjá SSNV. Hvöttum við þá sem hyggja á umsóknarskrif að hafa tímann fyrir sér. Góð og vönduð umsókn eykur líkur á styrk.

## HJÓLAÐ Í MYRKRIÐ

Við auglýstum eftir aðilum til að taka þátt í brúarverkefnum Norðurstrandaráætlunar með okkur.

## MANNAMÓT MARKAÐSSTOFANNA

Mannamót markaðsstofanna fór fram 24 . mars. Um 20 fyrirtæki af Norðurlandi vestra kynntu starfsemi sína. Lét okkar fólk vel af viðtökunum og horfa björtum augum fram á veg.

## FJÁRFESTAHÁTÍÐ

Vel heppnuð fjárfestahátíð var haldin á Siglufirði í samstarfi SSNV, Eims, SSNE, NÍN og Hraðsins. 10 frumkvöðlar af Norðurlandi kynntu verkefnin sín fyrir 30 fjárfestum sem komu sérstaklega til að hlýða á kynningarnar.

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

2022

FYRIR NORÐURLAND VESTRA